



Sveitarfélagið Vogar

löndal 2

190 VOGAR

Garðabær, 19.8.2025

Málsnúmer: 202507-0043

IAS

Efni: Göngu og hjóltreðastígur, Vogastapi. Grenndarkynning framkvæmdarleyfis

Stígurinn liggur frá gatnamótum Stapavegar, Hvammsgötu og Hvammsdals til vesturs upp á Vogastapa, til móts við mislæg gatnamót við Reykjanesbraut í átt að Grindavík. Yfirborð stígsins og nærliggjandi svæða er að mestu leyti gamalt vegstæði (gamli Keflavíkurvegurinn). Frá þéttbýlinu og að beygju inn að fiskeldisstöð Benchmark Genetics (um 800 m frá upphafi stígs) liggur stígurinn um óhreyft land meðfram núverandi vegi, Stapavegi. Verkið felur í sér gröft fyrir stíg, lagningu burðarlags, jöfnunarlág undir malbik, malbikun, uppsetningu lýsingar og frágang yfirborðs og stígsins. Stígurinn verður malbikaður og 2,5 metra breiður. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist á seinni hluta árs 2025 og ljúki á árinu 2026.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér fyrirhugaðar framkvæmdir og kemur með eftirfarandi ábendingar.

Eins og fram kemur í gögnum liggja fyrstu 1.250 m stígsins á nútímahrauni sem nýtur verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd (lög 60/2013). Einnig liggur stígurinn nálægt Síkinu sem nýtur verndar samkvæmt sömu grein náttúruverndarlaga. Stígurinn mun liggja samhliða fyrirbyggjandi vegi og verður að einhverju leyti innan rasksvæðis og því ætti viðbótarrask á hrauni ekki að vera mikið.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við veitingu framkvæmdaleyfis sé þess gætt að raski á hrauni verði haldið í lágmarki og ekki verði rask á Síkinu.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson

jarðfræðingur